

# Fjármálaráðstefna 2015

24. og 25. september

Setningarræða Halldórs Halldórssonar  
formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

---

Ráðherra, ágæta sveitarstjórnarfólk, starfsfólk sveitarfélaga, fulltrúar ráðuneyta og aðrir ráðstefnugestir.

## Inngangur

Verið velkomin á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Að venju er þetta stærsta samkoma sveitarstjórnarmanna á hverju ári. Rúmlega fjögur hundruð manns hafa skráð sig. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar að þessu sinni er Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra sem er boðin velkomin.

Að loknum erindum okkar og samtali mun hvert erindið reka annað í dag og síðan verða mörg áhugaverð erindi flutt í tveimur sölum hér á morgun. Við hjá sambandinu munum leggja okkur fram við að meðtaka boðskapinn frá ykkur og vinna síðan úr honum í samræmi við hlutverk og stefnumörkun sambandsins.

## Árbók sveitarfélaga og nýtt upplýsingarit

Árbók sveitarfélaga gegnir lykilhlutverki í fræðslu- og upplýsingastarfsemi sambandsins. Útgáfudagur hennar hefur oftast verið á sama tíma og fjármálaráðstefnan er haldin. Að þessu sinni var ákveðið að halda ráðstefnuna fyrr en oft áður svo nýta megi þær upplýsingar sem fram koma á ráðstefnunni við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Við gerð árbókarinnar er safnað saman miklum upplýsingum sem ekki voru allar tiltækar tímanlega fyrir ráðstefnuna. Af þeim sökum náðist ekki að ganga frá útgáfunni fyrir fjármálaráðstefnuna, en hún kemur út fljótlega. Á hinn bóginn liggur nú fyrir nýtt upplýsingarit þar sem ýmsar lykiltölur um fjármál sveitarfélaga, skólamálin og félagsþjónustuna eru settar fram. Þær eru sýndar fyrir hvert sveitarfélag á myndrænan hátt og trúi ég því að þessi nýjung muni mælast vel fyrir.

## Fjárhagsstaða sveitarfélaganna að veikjast

Í kjölfar hrunsins brugðust sveitarfélögin við með miklum niðurskurði og hagræðingu samfara. Misjafnt var eftir sveitarfélögum hversu mikið reyndi á en alls staðar mikið. Staðan batnaði síðan hægt og bitandi fram til ársins 2013. Á síðasta ári fór að halla undan fæti. Rekstrarafgangur hefur minnkað. Hluttur

launa í rekstrarkostnaði sveitarfélaga hefur stigið. Launahækkarnir verða miklar og því má vænta þess að sveitarfélög þurfi að bregðast við með niðurskurði í starfsmannahaldi.

Það er eins og að nú sé að losna um einhvern þrýsting sem springur út þegar menn horfa til betri tíðar í þjóðarbúskapnum og hagsveiflan beinist upp á við. En það þarf að fara varlega það sýna öll merki.

### **Kjara- og lífeyrismál**

Kjarasamningarnir sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í byrjun júní sl. fólu í sér miklar launahækkarnir. Svo miklar að allir gátu í raun vitað að þeir myndu hleypa verðbólgunni af stað, a.m.k. til skamms tíma. Samningarnir voru í raun þvinguð niðurstaða sem fékkst í skugga verkfalla eða verkfallshótana.

Fljótlega kom í ljós að ákveðin stéttarfélög á opinberum vinnumarkaði vildu fá enn meiri launahækkarnir en samið hafði verið um á almenna markaðinum. Það kallaði á átök og harðar vinnudeilur sem enduðu með lagasetningu og þeim gerðardómi sem við þekkjum. Úrskurður gerðardóms felur í sér launahækkarnir sem eru langt umfram það sem almennu samningarnir gera ráð fyrir og hefur þessi dómur sett allan vinnumarkaðinn í alvarlegt uppnám.

Í skugga þessa standa nú yfir kjaraviðræður á vegum sveitarfélaga vegna nær allra starfsmanna sinna annarra en grunnskólakennara. Viðsemjendur sveitarfélaga velja í kröfum sínum það besta úr úrskurði gerðardóms að þeirra mati og það besta úr samningum á almennum vinnumarkaði. Það þýðir að launahækkunarkröfurnar, verði þær samþykktar, munu leiða til mjög mikils launakostnaðarauka hjá sveitarfélögum. Staðan er því grafalvarleg. Þessar kröfur leggjast ofaná um 15% launakostnaðarhækkarnir hjá sveitarfélögum milli árána 2013 og 2014, sem er hlutfallshækkun sem síðast sást á tímum óðaverðbólgu á Íslandi.

Það eina jákvæða og raunhæfa sem nú er að gerast á vinnumarkaði að mínu mati er, að nú fara fram viðræður á milli aðila um að smíða nýtt vinnumarkaðsmódel að erlendri fyrirmynd. Samkvæmt slíku módeli eru kjarasamningar gerðir á grundvelli hagvaxtar og þeirrar framlegðar sem fyrirtæki skila. Verðbólgu er haldið niðri og kjarasamningar skila launafólki kaupmáttaraukningu. Slík vinnubrögð á að sjálfsögðu að stunda hér á landi.

En þessar viðræður leysa ekki þann bráðavanda sem sveitarfélögin eru í. Það sem er að gerast er viðurkenning á að ekki verði hjá því komist að gera

óraunhæfa og óskynsamlega kjarasamninga sem ná til alls vinnumarkaðarins. Síðan verði leitast við að lágmarka skaða þeirra á samfélagið með því að vinna á skynsamlegan hátt síðar. Lengra erum við ekki komin í þroskaferlinu en þetta. Samt þekkjum við verðbólgu af eigin raun og viljum ekki slíkt ástand en erum að búa það til. Við stefnum fram af brúninni, vitum öll að við þurfum að bremsa en enginn er tilbúinn að stíga á bremsurnar.

Auk þessa fara nú fram viðræður um að samræma lífeyriskerfi á öllum vinnumarkaðinum, en eins og kunnugt er njóta opinberir starfsmenn mun betri lífeyriskjara en launamenn á almennum vinnumarkaði. Ríki og sveitarfélög bera nú ábyrgð á hundruð milljarða króna ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum. Það er ekki lengur hægt að bæta þar í á ári hverju og vísa vandanum til framtíðarlausnar. Við verðum að taka á þessu máli núna. Það mun þó leiða til þess að ríki og sveitarfélög þurfa árlega að umbreyta hluta framtíðarskuldbindinga í samtíma útgjöld. Slík útgjöld munu því bætast við þann mikla launakostnað sem sveitarfélög bera um þessar mundir og fyrirsjáanlegt er að hækki á næstunni.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að staðan á vinnumarkaði og í þjódarbúskapnum er þannig að við munum að öllum líkindum upplifa enn eitt verðbólgu skeiðið, rýrnun krónunnar og rýrnun kaupmáttar. Ígildi gömlu gengisfellingarleiðarinnar liggur því í loftinu – óraunhæfar launahækkningar verða þannig teknar til baka af launþegum og þegar upp er staðið hafa allir tapað.

### **Styrking og breikkun tekjustofna sveitarfélaga**

Tekjustofnar sveitarfélaga eru einfaldir og traustir. Lengi hefur þó farið fram umræða um að mikilvægt sé að styrkja þá og breikka. Í stefnumörkun sambandsins koma fram áherslur í þessu efni. Framkvæmdastjóri sambandsins mun síðar í dag fara ítarlega yfir þetta mál. Margir sveitarstjórnarmenn kalla mjög ákveðið eftir auknum tekjum og nýjum tekjustofnum. Ferðapjónustan blómstrar og mikil þörf er að bregðast við síauknum fjölda ferðmanna hér á landi með framkvæmdum og endurbótum á vinsælum ferðamannastöðum. Miklar kröfur eru settar fram sem beinast að sveitarfélögum á þessu sviði. Allt kostar þetta mikil fjárútlát og eins og fram hefur komið geta mörg sveitarfélög ekki staðið í slíku án þess að fá til þess auknar tekjur. Þess vegna er það réttmæt krafa af hálfu sveitarfélaganna að þau njóti tekna af ferðapjónustunni.

### **Fjárlagafrumvarpið 2016**

Samkvæmt fyrstu athugun okkar hjá sambandinu á því fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 sem nú liggur fyrir, má sjá að það vantar auknar fjárveitingar í tilraunverkefnið um NPA en fjárvöntun vegna þess er um 120 m.kr. á árinu. Eins vantar hækkun á framlagi til tónlistarfræðslu og enn er fjárveitingin rýr til sóknaráætlana landshluta. Tryggingagjald lækkar einungis um 0,15%-stig. Framlög til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða er minna, en almennt er talið óhjákvæmilegt til að mæta ört vaxandi fjölda ferðamanna á landinu. Kostnaður við móttöku flóttamann og hælisleitenda er vanmetinn. Að auki var búist við að meira fjármagn yrði sett í uppbyggingu ódýrra leiguíbúða. Og það vantar fjárveitingau til að hefja átak við ljósleiðararvæðingu í hinum dreifðu byggðum í samræmi við nýlega skýrslu.

Almennt er þó mjög ánægjulegt að sjá hve jákvæð þróunin er í fjármálum ríkisins. Hagsveiflan er sterkari hjá ríki en sveitarfélögum. Þegar vel gengur í hagkerfinu nýtur ríkið þess betur en sveitarfélögin og öfugt þegar illa gengur.

Í umfjöllun um fjárlagafrumvarpið næstu vikur mun sambandið og sveitarfélögin koma á framfæri athugasemdum sínum við þingmenn og ráðherra.

### **Endurmat á kostnaði og þjónustu við fatlað fólk**

Undanfarin tvö ár hefur verkefnisstjórn um endurmat á kostnaði og fjármögnun þjónustu við fatlað fólk verið að störfum. Mjög ítarleg gögn hafa verið tekin saman og mikil og vegleg skýrsla mun liggja fyrir innan skamms um málið. Það liggur ljóst fyrir að þessi þjónusta er rekin með miklum halla sé tekið mið af þeim tekjum sem fylgdu yfirfærslunni. Óumdeilt er t.d. að hvort sem reiknað er á rekstrar- eða greiðslugrunni þá hafi hallinn af þjónustunni numið um 1,1 ma.kr. árið 2014. Þetta skýrst fyrst og fremst af því að sveitarfélögin sinna mun fleira fólk í þessum málaflokki en ríkið gerði áður, auk þess sem þjónustan hefur verið bætt. Einnig hafa nýjar reglur og viðmið sem ríkið hefur sett aukið kröfur um gæði og magn þjónustunnar sem sveitarfélögin verða að sjálfsögðu að fara eftir. Niðurstaða þessa endurmats ætti að leiða til þess að sátt náist milli ríkis og sveitarfélaga um hækkun á útsvarshlutfallinu sem tekur þá gildi um næstu áramót, gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattsálagningu ríkisins.

### **Flóttamenn**

Mörg sveitarfélög hafa lýst sig reiðubúin til að taka á móti flóttamönnum. Fjölgun kvótaflóttamanna og hælisleitenda kallar á endurskoðun á framkvæmd móttöku þeirra, móttökuáætlanir og viðmið um greiðslur til sveitarfélaga. Það er

gagnlegt fyrir sveitarfélög sem hafa hug á að taka á móti flóttamannahópum í fyrsta sinn leiti til sveitarfélaga sem geta miðlað reynslu. Aðkeypt ráðgjöf og verkefnisstjórn getur einnig verið góður valkostur. Sambandið er tilbúið til að koma að þessu máli með því að leiða sérfræðinga saman og sinna upplýsingamiðlun. Við viljum byggja upp þekkingu á málefnum flóttafólks vegna samræmingar- og milligönguhlutverks sambandsins í framtíðinni.

Það er mikilvægt að skilgreina alla ábyrgðaskiptingu og þjónustuþætti vel og kostnaðarmeta þá. Með slíkar upplýsingar í farteskinu verður auðveldara að semja um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þessarar þjónustu. Móta þarf skýrar reglur og ljóst er að reikna þarf með nokkurra ára framlagi frá ríkinu vegna hvers og eins verkefnis. Sveitarfélög sem hafa boðið fram krafta sína í móttöku flóttafólks eru ekki öll með nægjanlegt húsnæði. Í þeim sumum stendur þó húsnæði í eigu Íbúðalánasjóðs autt. Það mætti taka inn í viðræður ríkis og viðkomandi sveitarfélags að nýta slíkt húsnæði frekar en láta það standa autt áfram.

## **Húsnæðismálin**

Félags- og húsnæðismálaráðherra mun mæla fyrir nokkrum frumvörpum um húsnæðismál á næstunni. Það framtíðarfyrirkomulag í húsnæðisstuðningi sem innleitt verður með samþykkt þeirra er í meginatriðum í samræmi við stefnumörkun sambandsins. Vonandi eigum við eftir að sjá öflugan uppbyggingu húsnæðis og markverðan húsnæðisstuðning fyrir þá sem ekki geta eða vilja festa fé í eigin íbúðarhúsnæði. Vonandi sjáum við líka skynsamlegan stuðning við þá sem vilja eignast húsnæði en það er miklu stærri hópur. Til stendur að festa í sessi til framtíðar skattfrjálstan húsnæðissparnað í sama formi og nú gildir tímabundið um ráðstöfun séreignarlífeyrissparnaðar til öflunar eigin húsnæðis. Ég tel þetta vera það besta sem stjórnvöld geta gert fyrir ungt fólk til að styðja það við öflun eiginfjár sem síðar yrði ráðstafað sem eiginfjárframlagi við húsnæðis kaup. Við skulum þó muna að alltaf þegar tekin er ákvörðun um að einhverjar launatekjur séu skattfrjálstar þá dregur úr tekjustreymi til hins opinbera.

## **70 ára afmæli sambandsins**

Á þessu ári fögnum við 70 ára afmæli Samband íslenskra sveitarfélaga. Sambandið var stofnað í júní árið 1945. Aðalhvatamaðurinn að stofnun sambandsins var Jónas Guðmundsson, þáverandi eftirlitsmaður

sveitarstjórnarmálefna í félagsmálaráðuneytinu. Hann ritaði grein árið 1941 um um þörf þess að stofna hér á landi félag íslenskra sveitarstjórnarmanna.

*„Svo má heita, að þeir menn, sem sveitarmálefnum landsins stjórna, þekkist ekkert. Þeir eiga þess engan kost að koma saman og ræða áhugamál sín á sviði sveitarmálefna, og ýmiss konar óþarfa kritur á sér meira að segja oft stað þeirra í milli, sem gjarnan mundi hverfa við nánari kynni og meira samstarf,“* segir Jónas í greininni.

Á stofnfund sambandsins mættu 54 fulltrúar frá 38 sveitarfélögum sem þá voru 220 í landinu. Árið 1974 voru öll sveitarfélög á landinu gengin í Samband íslenskra sveitarfélaga – 224 að tölu og hefur svo verið síðan, að öll sveitarfélög landsins hafa verið aðilar að sambandinu.

Í 70 ára starfi sambandsins hefur það verið eitt af meginverkefnum þess að standa fyrir ráðstefnum og fundum um sveitarstjórnarmál, þar sem sveitarstjórnarmenn hafa átt þess kost að fræðast og skiptast á skoðunum, efla kynni og efna til samstarfs sín á milli. Fjármálaráðstefnan er gott dæmi um þetta.

## **Lokaorð**

Þetta eru nokkur af helstu málum sem varða sveitarfélögin afar miklu og við hjá sambandinu erum að vinna að. Hér verður fjallað um fleira. Njótum þess og samverunnar.

Þessi ráðstefna er að venju undirbúin af starfsfólki sambandsins og vil ég færa því bestu þakki fyrir góðan og vandaðan undirbúning.

Með von um gagnlega fjármálaráðstefnu segi ég fjármálaráðstefnuna 2015 setta.

Við stjórn ráðstefnunnar taka nú Hafdís Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar, og Birkir Jón Jónsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi. Á morgun verða ráðstefnustjórar Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti Húnaþings vestra.